

**Nd.**

**948. Frumvarp til laga**

**[249. mál]**

um listmunauppbod o.fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. mars.)

1. gr.

Viðskiptaráðherra skal heimilt að veita þeim sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir að hans dómi leyfi til að selja sjálfir á frjálsu uppbóði, hvar sem er á landinu, málverk, myndir, listmuni, bækur, frímerki og aðra muni sem söfnunargildi hafa.

Uppboðsleyfi er einnig heimilt að veita félögum eða öðrum lögaðilum sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir.

Leyfin eru ekki tímabundin en þau má afturkalla ef leyfishafar þykja ekki lengur uppfylla hæfisskilyrði. Eldri leyfi skulu halda gildi sínu og teljast ótímabundin eftir gildistöku laga þessara.

Leyfisgjald, er renni í ríkissjóð, skal vera helmingur af gjaldi fyrir smásöluleyfi.

2. gr.

Pegar sérstaklega stendur á má veita aðilum leyfi til að halda lokað uppbod í því skyni að styrkja viðurkennda líknarstarfsemi og kirkjulega starfsemi, menntir, vísindi og menningu. Uppboðsstjóri skal þó hafa verslunarleyfi jafnaðarlega og teljast hæfur til uppbodshaldsins. Ekki skal innheimta leyfisgjald.

3. gr.

Sölugjald skal ekki leggja á málverk, myndir og listmuni heldur 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til starfslauna handa myndlistarmönnum. Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um ráðstöfun gjaldsins.

4. gr.

Leyfishafar eða uppbodsstjórar mega hvorki gera sjálfir boð á uppbóði né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

5. gr.

Leyfishafar skulu kynna uppbodsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir í upphafi uppbods.

Í uppbodsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum er leggist ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, og því hvenær ábyrgð á seldum mun flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

Kaupandi uppbodsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á seldum mun nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við sölu, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

Pegar uppbod er opið skulu munir vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma sé þess kostur.

6. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Í reglugerð má setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

- Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:
- a. 7. gr. laga nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum;
  - b. lög nr. 113 23. desember 1954, um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum;
  - c. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.